




SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/2899

komudagur 21.5.2008



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi

~~Efnahags- og viðskiptanefnd~~

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 21. maí 2008

**Umsögn um frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa (Þskj. 841-540. mál)**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál og senda hér með sameiginlega umsögn til Viðskiptanefndar Alþingis.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um kaup og sölu til fyrirtækja nái hvorki til hlutafélaga né til sölu félaga ef umfang rekstrarins á síðasta mánuði fyrir sölu hefur verið meira en svarar til fimm ársverka.

Ofangreind samtök telja að sú leið sem hér er farin sé til þess fallin að mismuna fyrirtækjum á óeðlilegan hátt eftir stærð þeirra. Þannig verður ekki séð að nokkur rök séu fyrir því að stærri fyrirtæki hafi val um það hvort þau leiti til fjármálafyrirtækis eða fasteignasala varðandi milligöngu um sölu, en að minni fyrirtæki hafi ekki sama val. Mun slík niðurstaða hugsanlega hafa í för með sér að fyrirtæki reyni að komast hjá því að falla í flokk minni fyrirtækja með aðgerðum eins og að breyta félagiformi sínu eða fjölgi starfsmönnum tímabundið og er því líklegt að löggjöfin nái ekki markmiði sínu að þessu leyti.

Leggja samtökin til að einkaréttur fasteignasala á milligöngu um sölu fyrirtækja verði afnuminn með öllu. Slíkt mun þó á engan hátt koma í veg fyrir að fasteignasalar geti annast slíka sölu hafi þeir reynslu til þess og sækji inn á slíkan markað.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.